



Fundargerð hreppsnefndar 12. desember 2013

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 12. des. 2013 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Á fundinn voru mætt Bárður Jónasson Hilmar Jósefsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elfa Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Kristján Guðjónsson og Hafþór Róbertsson

Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 21. nóv. sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 21. nóv. sl.

Eyjólfur Sigurðsson kvaddi sér hljóðs undir 3. tl. fundargerðarinnar, varðandi fundargerð Arnarvatns og var með fyrirspurn. Oddviti svaraði fram kominni fyrirspurn.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. mál. Navitas ehf., viljayfirlýsing. Fulltrúar Navitas mæta á fundinn og gera grein fyrir málinu.

Lögð fram drög að viljayfirlýsingu milli Navitas ehf og Vopnafjarðarhrepps.

Á fundinn voru mættir fulltrúar fyrirtækisins Navitas ehf. Kristinn Pétursson og Benedetto Nardine. Þeir gerðu grein fyrir hugmyndum fyrirtækisins um samstarf við fyrirtækið NorSea Group As. Fóru þeir yfir hugmyndir fyrirtækisins um starfsemi tengda þjónustu við olíuleit á Drekasvæðinu og víðar. Í framhaldi fengu fundarmenn tækifæri til þess að spyrja gestina spurning varðandi málefnið, sem þeir svöruðu.

Að umræðum loknum var gestunum þakkað fyrir komuna og viku þeir síðan af fundi.

Hreppsnefnd samþykkti síðan að heimila sveitarstjóra og oddvita að fullvinna yfirlýsinguna í samvinnu við fyrirtækið og leggja hana aftur fyrir til endanlegrar samþykktar.

3. mál. Fundargerðir atvinnumálanefndar frá 29. nóv. og 6. des. sl.

Lagðar fram fundargerðir atvinnumálanefndar frá 29. nóv. sl., og 6. des. sl.

Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 2. og 3. tl. fundargerðar atvinnumálanefndar frá 6. des. sl., þar sem annars vegar er fjallað um Byggðakvóta 2013/2014 og hins vegar stofnun fjárfestingar- og atvinnuefingarsjóðs Vopnafjarðar. Gerði hann grein fyrir stöðu mála og hugmyndum nefndarinnar varðandi mótun á úthlutunarreglum fyrir byggðakvóta kvótaársins 2013/2014. En þar eru meðal annars uppi hugmyndir um að stofnuð verði fiskvinnsla hér á Vopnafirði.

Talsverðar umræður urðu um þetta mál þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum.

Svofelld tillaga var lögð fram:

“Hreppsnefnd tekur undir hugmyndir atvinnumálanefndar í þessu sambandi og hvetur hana til þess að vinna áfram að málum á þeim grunni, sem greint er frá í fundargerð atvinnumálanefndar frá 6. des. sl.”

Tillagan var síðan samþykkt með 6 atkv., einn sat hjá.

Að svo búnu gerði sveitarstjóri grein fyrir svofelldri tillögu atvinnumálanefndarinnar um stofnun atvinnuefingarsjóðs sveitarfélagsins: „Atvinnumálanefnd leggur til við sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps að fela KPMG, í samráði við sveitarstjóra, að ganga frá stofnun á sérstökum sjálfstæðum B- hluta sjóði í bókhaldi sveitarfélagsins. Sjóðurinn mun bera nafnið Atvinnuefingarsjóður Vopnafjarðar og verður sjálfstæð rekstrareining, sem rekinn verður á

kennitölu sveitarfélagsins. Við stofnun sjóðsins færast þeir fjármunir sem nú eru færðir sem skuldbinding, vegna atvinnumála í bókhaldi Vopnafjarðarhrepps til sjóðsins.

Í framhaldi af þessu verður gengið frá stofnskrá fyrir Atvinnuefningarsjóð Vopnafjarðar, stjórn skipuð og úthlutunarreglur settar.“

Talsverðar umræður urðu um fyrirbyggjandi tillögu atvinnumálanefndarinnar, þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum og spurðu spurninga, sem sveitarstjóri svaraði.

Að því loknu var gengið til atkvæða um fyrirbyggjandi tillögu og var hún samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Sveitarstjóra var falið að vinna á grundvelli tillögunnar að stofnskrá og tillögum að úthlutunarreglum.

4. mál Jafnlaunaáttak sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 21. janúar 2013.

Um málið var áður fjallað á fundi hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 21. nóv. sl., en þar var sveitarstjóra og oddvita falið að vinna áfram að framgangi málsins. Lagt fram minnisblað vegna jafnlaunaáttaksins unnið af KPMG og dags. 9. des. sl. Ennfremur lögð fram yfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá 21. janúar sl. og tölvupóstur dags. 9. des. sl. frá Vopnafjarðarhreppi til Velferðarráðuneytisins, þar sem viðkomandi gögn eru send með og óskað eftir framlagi til þess að mögulegt verði að uppfylla óskir um gerð stofnanasamninga við félög sjúkraliða og hjúkrunafræðinga, vegna starfsfólks legudeildarinnar að Sundabúð. Í þessu sambandi var og lagt fram bréf sveitarstjóra dags. 25. nóv. sl., til fulltrúa viðkomandi starfsstétta í Sundabúð. Í bréfinu er greint frá því hvernig staða mála er og hvernig hugmyndin er að vinna að þessum málum. Þá var og greint frá því að haft hefur verið samband við viðkomandi stéttarfélög og ræddar hugmyndir að lausnum við þau.

Þrátt fyrir að fjárhagsrammi um rekstur Sundabúðar sé þröngur stakkur sniðinn og erfitt að láta enda ná saman telur hreppsnefnd að flýta eigi sem kostur er að vinna hugmyndir að lausn málsins og ef mögulegt er að þeirri vinnu verði lokið á þessu ári.

Í þessu sambandi ítrekar hreppsnefnd mikilvægi þess að reynt verði til þrautar að fá fjármuni frá ríkisvaldinu eins og fyrirheit hafa verið gefin um í umræddri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 21. janúar 2013.

Málsmeðferð þessi var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

5. mál. Hreindýraarður 2013, yfirlit.

Lagt fram bréf Umhverfisstofnunar frá 4. des. sl., ásamt drögum að hreindýraarði fyrir árið 2013. Farið var yfir fyrirbyggjandi gögn. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við framlögð drög að úthlutun hreindýraröðs.

6. mál. Fyrirhuguð breyting á hámarksálagningu útsvars árið 2014 úr 14,48 % í 14,52 %. -Tillaga verður lögð fram á fundinum.-

Lögð fram gögn frá fjármálaráðuneyti dags. 26. nóv. sl. og frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, þar sem greint er frá því að vænta megi breytinga á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Breytingarnar gera ráð fyrir því að leyfilegt hámarksútsvar af tekjum manna á árinu 2014 hækki um 0,04 % úr 14,48 % í 14,52 %. Fram kemur að framangreind hækkun útsvars rennur óskipt til til Jöfnunarsjóðs Sveitarfélaga. Tekjuskattsálagning lækkar hlutfallslega á móti þ.a. samvegin hækkun útsvars og tekjuskatts mun ekki hækka. Verði breyting þessi samþykkt á Alþingi og sveitarfélög breyta ekki álagningu sinni til samræmis við þetta munu útsvarstekjur sveitarfélagsins samt lækka um þessi 0,04 %.

Undir þessu máli komu einnig fram vangaveltur hvort hugsanlega ætti að endurskoða samþykktir sveitarfélagsins um gjaldskrárhækkanir eins og verið er að gera hjá ýmsum sveitarfélögum. Ýmis sjónarmið komu fram um þessi mál.

Svofelld tillaga var síðan lögð fram : “ Verði fyrirhuguð breyting á álagningarprósentu útsvars fyrir árið 2014 samþykkt á Alþingi þ.a. hún hækki um 0,04 % eða úr 14,48 % í 14,52 % samþykkir

hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps að álagningarprósenta útsvars fyrir árið 2014 verði 14,52 %, sem er hámarks álagning.”

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Hreppsnefnd vill einnig koma því á framfæri að æskilegt sé að breytingar af þessum toga séu gerðar fyrr á árinu, þannig að lagagrundvelli við gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaga sé ekki breytt löngu eftir að fjárhagsáætlanir þeirra hafa verið samþykktar við síðari umræðu í sveitarstjórn.

7. mál. Listi yfir starfsmenn, sem vinna mega, komi til verkfalla.

Lagt fram bréf frá Sambandi ísl. sveitarfélaga dags. 2. des. sl., þar sem minnt er á gerð lista yfir starfsfólk hjá sveitarfélaginu, sem undanþegið er verkfallsheimild, komi til verkfalla í tengslum við kjarasamningagerð á komandi ári. Jafnframt lagðar fram leiðbeiningar um hvernig skuli vinna slíka lista og hvaða starfsfólk eigi heima á þeim. Jafnframt lagður fram eldri listi fyrir sveitarfélagið.

Samþykkt að sveitarstjóri láti vinna slíkan lista og sendi hann í auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda.

8. mál. Bréf Heilbrigðiseftirlits dags. 28. nóv. sl., varðandi framkvæmd um öryggi leiktækja og leiksvæða. Jafnframt bréf sveitarstjóra um sama efni frá 19. sept. sl.

Lagt fram bréf Heilbrigðiseftirlitsins frá 28. nóv. sl., varðandi framkvæmd eftirlits skv. reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.

Jafnframt lagt fram bréf sveitarstjóra Vopnafjarðarhrepps til Umhverfisstofnunar, varðandi sama efni dags. 19. september 2013.

Hreppsnefnd fagnar því að kallað sé eftir því að fulltrúar allra aðila sem að þessum málum koma verði kallaðir saman og farið verði yfir og samræmdar reglur, sem gilda um þessi mál á landsvísu.

9. mál. Bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga til sveitarstjórna dags. 23. okt. og 25. nóv. sl.

Lagt fram bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga dags. 23. okt. sl. varðandi fjármál sveitarfélaga. Sveitarstjóri fór yfir efni bréfsins, sem fallar annars vegar um fjárhagsleg viðmið og upplýsingar um fjármál sveitarfélaga og hins vegar fjármálastjórn og aðferðafræði við hana og eftirfylgni. Ennfremur lagt fram bréf nefndarinnar dags. 25. nóv. 2013, ásamt ljósriti af bréfi, sem sent var til endurskoðenda 21. nóv. sl., þar sem fjallað er um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga, lögbundna endurskoðun og skyldur endurskoðenda í því sambandi. Nefndin bendir einnig á að áætlun yfirstandandi árs hverju sinni ásamt aðlögunaráætlun fyrir þau sveitarfélög sem þá áætlun þurfa að gera er bindandi skv. lögum nr. 138/2011 og ber sveitarfélögum að fara eftir þeim.

Jafnframt gerð grein fyrir eftirfylgni.

10. mál. Bréf Seyðisfjarðarkaupstaðar dags. 21. nóv. sl., varðandi ferjusiglingar.

Lagt fram bréf Seyðisfjarðarkaupstaðar frá 21. nóv. sl., varðandi ferjusiglingar og þá sérstaklega þá óvæntu ákvörðun stjórnenda Smyrilline að hefja viðræður við Fjarðabyggðarhafnir um viðkomuhöfn í Fjarðabyggð fyrir ferjuna Norrænu.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps telur mikilvægt að styðja sem frekast er kostur að áfram verði tryggðar siglingar ferju til Íslands frá Evrópu, um Færeyjar til Seyðisfjarðar.

Hreppsnefnd tekur og heilshugar undir samþykkt samgöngunefndar SSA um málið, sem fram kemur í fundargerð nefndarinnar frá 28. nóvember sl.

Málsmeðferð þessi var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum

11. mál. Sundabúð legudeild, framkvæmdir við baðaðstöðu og sjúkraherbergi.

Lagt fram minnisblað frá Helga Hjálmarssyni, arkitekt, dags. 27. nóv. sl., þar sem greint er frá helstu hugmyndum að breytingum á húsnæði legudeildarinnar að Sundabúð. Jafnframt lagðar fram teikningar af fyrirhuguðum breytingum.

Í þessum áfanga er hugmyndin að lagfræra svokallaða sjúkarastofu og sjúkraðaðstöðu í húsinu, en brýnast var talið að hefja lagfæringar aðstöðunar með þessum framkvæmdum. Hugmyndir

Þessar hafa verið unnar í samvinnu Vopnafjarðarhrepps, Hollvinasamtaka Sundabúðar og stjórnenda deildarinnar.

Brýnt er talið að vinna verkið í upphafi næsta árs. Æskilegt er því að hefja undirbúning sem fyrst og semja við verktaka, sem vinna munu að verkinu.

Að umræðum loknum var samþykkt að fela sveitarstjóra og oddvita að ganga til samninga við verktakafyrirtækið Mælifell ehf. um að annast yfirumsjón með verkinu í tímavinnu.

12. mál. Bréf stjórnar foreldrafélags Vopnafjarðarskóla, varðandi umferðaröryggismál í nágrenni skóla og íþróttahúss.

Lagt fram bréf stjórnar foreldrafélags Vopnafjarðarskóla dags. 4. des. sl., varðandi umferðaröryggismál á svæði leik- og grunnskóla.

Hreppsnefnd tekur undir mikilvægi þess að áfram verði unnið að þessum málum og felur oddvita og forstöðumanni áhaldahúss í samráði við formenn skipulags og fræðslunefndar að koma þessu verki áfram.

13. mál. Kaupvangur, húsnefnd. Rætt verður um það hvort skynsamlegt er að stofna sérstaka húsnefnd.

Undir þessum lið var rætt um það hvort æskilegt væri að ráða sérstaka húsnefnd yfir Kaupvang eða hvaða form er heppilegast til þess að halda utan um starfsemi hússins og almenna umsjón með húsinu.

Fundarmenn veltu fyrir sér ýmsum hugmyndum í þessu sambandi og hvort hugsanlega væri æskilegt að láta nefndina hafa víðara verksvið og fara með málefni fleiri eigna

Vopnafjarðarhrepps. Í því sambandi var helst talað um bæði Kaupvang og Miklagarð.

Að umræðum loknum var samþykkt að miða að því að skipa í nefndina fljótlega.

14. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Fundargerð samgöngunefndar SSA frá 28. nóv. sl.

Hreppsnefnd tekur undir samþykkt samgöngunefndar sem fram kemur í 3. tl. fundargerðarinnar, varðandi ferjusiglingar.

b) Fundargerð stjórnar GáF ehf. frá 18. nóv. sl.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.15